

Fundargerð 506

Föstudaginn 25. febrúar 2022 kom stjórn Byggðastofnunar saman á fjarfundi. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Magnús B. Jónsson (MBJ) formaður, Gunnar Þorgeirsson (GP), Halldóra Kristín Hauksdóttir (HKH), Heiðbrá Ólafsdóttir (HÓ), Karl Björnsson (KB), María Hjálmarasdóttir (MaH) og Þórey Edda Elísdóttir (PEE). Auk þeirra sátu fundinn Arnar Már Elíasson (AME) settur forstjóri, Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs, Sigríður Elín Þórðardóttir (SEP) forstöðumaður þróunarsviðs og Hrund Pétursdóttir (HP) sérfræðingur á rekstrarsviði sem jafnframt ritaði fundargerð. Þorkell Stefánsson (ÞS) sérfræðingur á þróunarsviði kom inn á fund undir lið 10 um orkukostnað heimila 2021. Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sat fundinn dagskrárliðum 6-11.

Formaður setti fund kl. 10:00 og liggur eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum:

1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu
2. Endurskoðun á reglum um störf stjórnar - til afgreiðslu
3. Skýrsla ábyrgðarmanns peningaþvættis - til kynningar
4. Skýrsla og erindisbréf persónuverndarfulltrúa - til kynningar
5. Skýrsla regluvarðar - til kynningar
6. Lánamál - til kynningar
7. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar
8. Ársfundur Byggðastofnunar - til afgreiðslu
9. Stjórnarsýsla póstmála - til kynningar
10. Orkukostnaður heimila 2021 - til kynningar
11. Staða rekstrar og verkefna skv. starfsáætlun - til kynningar
12. Önnur mál
13. Næsti fundur

1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur fundargerð síðasta fundar nr. 505.

Formaður bar upp fundargerðina og var hún samþykkt samhljóða og verður hún send stjórnarmönnum til rafrænnar undirritunar.

2. Endurskoðun á reglum um störf stjórnar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstöðumanns lögfræðisviðs um uppfærslu reglna um störf stjórnar.

HÁ fór yfir minnisblaðið. Samkvæmt 15. gr. reglna um störf stjórnar skulu þær endurskoðaða árlega og er lagt til að stjórn staðfesti reglunar með leiðréttingu á innsláttarvillu á ártali í skjalinu (2000 átti að vera 2002) en að öðru leiti óbreyttum.

Formaður bar tillöguna upp og var hún samþykkt samhljóða.

3. Skýrsla ábyrgðarmanns peningaþvættis - til kynningar

Fyrir fundinum liggur skýrsla ábyrgðarmanns peningaþvættis vegna ársins 2021 sem HÁ kynnti. Engin tilkynningaskyld viðskipti urðu á árinu.

4. Skýrsla og erindisbréf persónuverndarfulltrúa - til kynningar

Fyrir liggur skýrsla persónuverndarfulltrúa Byggðastofnunar vegna ársins 2021 sem HÁ kynnti. Engin tilvik áttu sér stað á árinu. Þá liggur einnig fyrir erindisbréf

persónuverndarfulltrúa sem HÁ kynnti. Lagt er til að Súsanna Björg Fróðadóttir, sérfræðingur á lögfræðisviði verði skipuð persónuverndarfulltrúi stofnunarinnar.

Til máls tóku MBJ, GP og HÁ.

Formaður bar tillöguna upp og var hún samþykkt samhljóða.

5. Skýrsla regluvarðar - til kynningar

Fyrir fundinum liggur skýrsla regluvarðar vegna ársins 2021 sem HÁ kynnti.

HÁ greindi frá fundi við FME varðandi breytingar á regluvörsluhlutverkinu.

Til máls tóku GP og HÁ.

6. Lánamál - til kynningar

MH kom inn á fundinn undir þessum dagskrárlið.

Fyrir fundinum liggur minnisblað frá forstöðumanni fyrirtækjasvið um útlánastarfsemi ársins 2021 ásamt mynd af dreifing lánaákvörðana Byggðastofnunar árið 2022 eftir staðsetningu á landinu. AME kynnti minnisblaðið.

Viðauki vegna COSME samnings hefur verið samþykktur af EIF og því hægt að halda áfram með lánaflokka sem falla undir ábyrgð COSME samkomulagsins.

Einnig liggur fyrir minnisblað frá settum forstjóra og forstöðumanni rekstrarsviðs vegna óska lántaka um breytingu verðtryggðra lána í óverðtryggt. AME kynnti minnisblaðið

Samkvæmt Áhættustefnu og áhættureglum stjórnarinnar skal verðtryggingajöfnuður vera jákvæður. Í dag er hann neikvæður um 300 m.kr. og því yrði að endurfjármagna verðtryggðar lántökur. Kostnaður og kjör liggja ekki fyrir.

Til máls tóku KB, HÓ AME, HÁ, MBJ, HKH, MH og GP. Rætt um að AME og MH myndu kanna í framhaldinu hver kostnaðurinn yrði og kjör á nýrri lántöku.

7. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar

Fyrir fundinum liggur samantekt á lánaákvörðunum lánanefndar og fundargerðir lánanefndar nr. 3/22 til 6/22 sem AME kynnti.

Til máls tóku GP og MaH.

8. Ársfundur 2021 - til umræðu

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir staðsetningar ársfunda frá og með árinu 2000 sem AME kynnti en stjórn þarf að velja staðsetningu, tíma og efni fundar. Samkvæmt starfsáætlun er gert ráð fyrir ársfundi Byggðarstofnunar í 17. viku.

Til máls tóku MBJ, HÓ, HKH, KB, AME og GP.

Formaður bar upp tillögu um að ársfundur yrði haldinn 5. maí á Húsavík og efni fundar yrði Störf án staðsetningar. Var það samþykkt samhljóða.

9. Stjórnsýsla póstmála - til kynningar

Fyrir fundinum liggja fyrir Ákvarðanir Á1-2022 og Ákvörðun Á2-2022 sem HÁ kynnti.

Ákvörðun Á1-2022: Ákvarðað endurgjald til Íslandspóst vegna hreins kostnaðar fyrir veitta alþjónustu á árinu 2021 er 563.16.949 kr.

Ákvörðun Á2-2022: Samþykkt beiðni Íslandspóst um heimild til að loka póstafréiðslu fyrirtækisins í pósthúsi Þorlákshöfn.

Til máls tóku GP, HÁ og HÓ.

10. Orkukostnaður heimila 2021 - til kynningar

ÞS kom á fundinn undir þessum lið og kynnti greiningu á orkukostnaði heimilanna 2021.

Til máls tóku GP, MBJ og KB.

ÞS vék af fundi.

11. Staða rekstrar og verkefna skv. starfsáætlun - til kynningar

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir stöðu verkefna á starfsáætlun og staða rekstrar 31. janúar sem SEP kynnti. Umræða var um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðastefnu 2022-2036 - aðgerðaáætlun 2022-2026.

Fyrir fundinum liggja drög að ársreikning Byggðastofnunar ársins 2021 sem MH kynnti. Hagnaður var af rekstri stofnunarinnar um 167,3 m.kr. Eigið fé er 18,17% en það er lækkun frá fyrra ári. Reikningurinn verður kynntur og lagður fram til samþykkis á stjórnarfundi í mars.

Til máls tóku MBJ, KB, GP, SEP og ÞEE.

MH og KB viku af fundi.

12. Önnur mál

GP kom með vangaveltu um að Byggðastofnun og Bændasamtökin gætu tekið saman stöðu landbúnaðarins í byggðalegu tilliti vegna hækkandi aðfangaverðs.

Til máls tóku MBJ, GP, SEP og AME.

13. Næsti fundur

Næsti fundur áætlaður föstudaginn 18. mars nk. á Suðurlandi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:15.

Hrund Pétursdóttir fundarritari

Magnús B. Jónsson

Gunnar Þorgeirsson

Halldóra Kristín Hauksdóttir

Heiðbrá Ólafsdóttir

Karl Björnsson

María Hjálmarsdóttir

Þórey Edda Elísdóttir